

Ed.

149. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson, Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Af lánum þeim, sem greidd eru úr sjóðnum til byggingar verkamannabústaða frá því vísitala kauplagnesfndar var 150 stig og þar til vísitalan fellur aftur niður í þá upphæð, skal árlegt gjald af lánsupphæðinni vera 3%, en lánskilmálar að öðru leyti hinir sömu og verið hafa síðan lögín komu til framkvæmda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 4. gr. laga nr. 3 9. jan. 1935 var svo ákveðið, að árlegt afgjald af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna skyldi vera 5% og lánstími 42 ár. Í ársbyrjun 1941, þegar allar byggingarframkvæmdir samkvæmt lögnum um verkamannabústaði höfðu stöðvazt, vegna vaxandi dýrtíðar, ákvað Alþingi með lögum nr. 81 9. júlí 1941 að færa árgjaldið niður í 4%, en afborgunartíminn skyldi haldast óbreyttur. Þessi breyting var gerð á lögnum samkv. ósk frá byggingarfélagunum, sem töldu meðlimum sínum fært þrátt fyrir dýrtíðina að greiða bæði hina tilskildu 15% útborgun af byggingarkostnaðinum og síðan hina árlegu afborgun af effirstöðvunum, ef hún fengist lækkuð úr 5% í 4%.

Þegar lög nr. 81 9. júlí 1941 voru sett, var vísitala kauplagnesfndar innan við 150% og nokkur bjartsýni í mönnum um, að takast mundi að stöðva vöxt dýrtíðarinnar. Þetta hefur þó farið á annan veg, svo sem kunnugt er, og á meðan hús þau,

sem byggingarfélagin hófu smíði á eftir setningu laga nr. 81 frá 1941, hafa verið í byggingu, hefur allur tilkostnaður vaxið úr hófi fram. Upphaflega var talið, að þriggja herbergja íbúð mundi kosta kr. 27000.00, en reynslan ætlar að verða sú, að kostnaðurinn verður ekki undir kr. 40000.00. Afleiðingin af þessu er sú, að útborgun fyrir íbúðina hækkar um 15% af kr. 13000.00 og árleg afborgun eftir íbúðina um 4% af sömu upphæð í 42 ár.

Með þeirri afkomu, sem undanfarið hefir verið hjá almenningi í landinu, má ielja vafalaust, að verðhækkun íbúða þeirra, sem nú eru í smíðum hjá byggingarfélagunum, valdi ekki óviðráðanlegum erfiðleikum að því er sjálfa útborgunina varðar. Öðru máli gegnir með hina árlegu afborgun; hún er baggi, sem menn eiga eftir að burðast með í 42 ár og sennilega þegar í nánustu framtíð við önnur afkomuskilyrði en verið hafa í seinni tíð. Stjórn Byggingarsjóðs verkamanna hefur mjög réttilega komið auga á þá hættu, sem þarna er, og viljað girða fyrir hana a. m. k. að nokkru leyti með því að hækka útborgunina úr 15% af kostnaðarverðmu í 25% og lækka þannig eftirstöðvar þær, sem hin árlega afborgun reiknast af. Væri að sjálfsögðu mjög æskilegt, að hægt væri að fara þessa leið, en athuganir hafa leitt í ljós, að slíkt mundi verða til þess, að margir þeir, sem þegar hafa fest kaup á íbúð, mundu ekki geta haldið henni, og það einmitt fólk, sem frekasta þörfina hefur fyrir íbúðirnar. Þess vegna hafa nokkur byggingarfélag óskað eftir því, að leitað yrði eftir því við Alþingi, að árleg afborgun af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna fengist færð úr 4% í 3%, en að lánstíminn og lánskjörin héldust að öðru leyti óbreytt frá því, sem verið hefur síðan lögum um verkamannabústaði voru sett. Er miðað við, að þetta ástand haldist á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 150%. Ætti þessi breyting að vera fullnægjandi til þess að komast hjá vandræðum.